

Reglur um styrki vegna fjarnáms nema í leikskólakennarafræðum

Reglur þessar gilda fyrir starfsfólk leikskóla í Sveitarfélaginu Ölfusi sem hyggjast stunda fjarnám til B.Ed. prófs í leikskólakennarafræðum.

Markmiðið með reglum er að fjölga leikskólakennurum er starfa við Leikskólann Bergheima þannig að þeir verði 2/3 starfsmanna eins og áskilið er í lögum um leikskóla nr. 90/2008.

1. Styrkthæft nám

Styrkthæft nám er:

Diplómanám í leikskólafræðum í háskóla; 120 einingar, bæði staðbundið lotunám og fjarnám.

Leikskólakennaranám B.Ed.; 180 einingar, bæði staðbundið lotunám og fjarnám.

Leikskólakennarafræði, M.Ed.; 120 einingar, veitir rétt til leyfisbréfs. bæði staðbundið lotunám og fjarnám

Framhaldsnám til M.Ed. fyrir starfandi leikskólakennara; 120 einingar, bæði staðbundið lotunám og fjarnám

2. Umsóknarhæfi og -ferli

Umsækjandi skal eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi og hafa starfað hjá leikskóla í sveitarfélaginu í minnst 12 mánuði og að lágmarki í 50% starfi. Bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss getur veitt undanþágur frá þessum skilyrðum. Umsækjandi styrks skal að jafnaði vera í lágmarki 10 ECTS eininga námi á hverjum tíma og að hámarki 20 eininga námi sem er 2/3 af fullu námi.

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá sveitarfélaginu í ½ ár fyrir hverja námsönn sem viðkomandi nýtur styrks. Skuldbinding þessi skal þó að hámarki vera þrjú ár. Að námi loknu skal starfshlutfall starfsmanns vera að lágmarki 75%.

Í umsókninni skal koma fram upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og -áætlun. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Umsókn skal skilað til skólastjóra leikskóla sem síðan sendir þær bæjarstjóra með umsögn. Umsögn skal fylgja kostnaðarútreikningur vegna hverrar umsóknar.

3. Stuðningur við nema

Styrkir til nema á meðan á námi stendur eru þrjúþættir.

Laun í staðbundnum lotum og vettvangsnámi í leikskólum, allt að 5 vikum á hverju skólaári m.v.

20 ECTS eininga nám á hvorri önn sem jafngildir 1,25 degi fyrir hverja ECTS einingu.

Nema eru greiddar eingreiðslur 1. september og 1. janúar hvert skólaár upp á 50.000 kr. í hvort sinn, en frá þessum greiðslum dragast styrkir sem viðkomandi hafa aðgang að og/eða fá frá sínum stéttarfélögum eða úr öðrum sjóðum. Eingreiðslurnar eru ætlaðar til að mæta námskostnaði. Upphæð eingreiðslna skal taka breytingum vísitölu neysluverðs og skal grunnvísitalan vera 432,8

Nemi hefur aðgang að vinnu- og námsaðstöðu í leikskóla sveitarfélagsins, tölvu, prentun, lósritun o.fl. Nám skal þó ekki stundað á vinnutíma nema að það sé fyrirfram skilgreint s.s. nám á vettvangi, í staðlotu eða rannsókn unnin á vettvangi í tengslum við námið.

Stuðningur við nema getur verið í allt að 7 ár m.v. 180 eininga nám

Ef að nemi hættir í námi og/eða í starfi að námi loknu áður en skuldbundnum starfstíma er lokið hefur Sveitarfélagið Ölfus heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk.

4. Fjöldi nema og frávik

Fjöldi starfsmanna sem njóta stuðnings til náms samkvæmt reglum þessum ræðst annars vegar af þörf í leikskóla Sveitarfélagsins Ölfuss hverju sinni og hins vegar á því fjármagni sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss tilnefnir á hverju ári í fjárhagsáætlun þess. En að jafnaði skulu ekki vera fleiri en 3 starfsmenn í námi með vinnu. Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms eða á persónulegum högum nema getur bæjarstjóri í umboði bæjarráðs veitt frávik frá reglum þessum. Bæjarráð úrskurðar í álitamálum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessara reglna.